

Alþingi
Erindi nr. P 128/439
komudagur 3. 12. 2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1999 um Lífeyrissjóð sjómanna, mál 355.

Frumvarpið er lagt fram að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna og hefur þann megin tilgang að tryggja að sjóðurinn uppfylli skilyrði laga um “skyldutryggingu lífeyrisréttinda”. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt Talnakönnunar eiga þær breytingar, sem hér eru lagðar til á réttindum sjóðsfélaga, að leiða til þess að halli m.v. heildar skuldbindingar lækki úr 8,8% í 1,6% m.v. heilt ár.


Þrátt fyrir að þær breytingar sem hér eru lagðar til verði að lögum er rekstur Lífeyrissjóðs sjómanna síður en svo komin fyrir vind þar sem ekki hefur verið tekið á megin vanda sjóðsins sem felst í því að um 42% af gjöldum sjóðsins fer í greiðslu örorkubóta.

Ef skoðaðar eru kennitölur lífeyrissjóða vegna ársins 1998 kemur í ljós að 42% af gjöldum sjóðsins felast í örorkubótum á sama tíma sem meðaltal sjóðanna er 17,2% og þeir lægstu fara niður fyrir 2% af gjöldum til þessa málaflokks.

Ef við gætum lækkað greiðslur sjóðsins til örorkubóta niður í meðaltalið þ.e. 17,2% þá svaraði það til þess að hægt væri að auka greiðslur til annarra málaflokka um 33% m.v. óbreytt heildarútgjöld.

Vélstjórafélag Íslands hefur ekki fram að færa tillögur til breytinga á frumvarpinu en hvetur þingmenn til þess að hugleiða hvað hægt sé að gera til þess að minnka útgjöld sjóðsins vegna örorkubóta en örorkubætur eiga ekkert skylt við markmið lífeyrissjóða sem felst í að tryggja sjóðsfélagunum fjárhagslegt öryggi þegar starfsdeginum lýkur.

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands


Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!